Björg Pétursdóttir

Tvennir tímar

Björg Pétursdóttir

Tvennir tímar

Útgefandi: Framsýn, stéttarfélag Þingeyinga

Útgáfudagur 28. apríl 2018

ISBN 978-9935-24-319-5

Prentvinnsla: Ásprent

„Þörfin var brýn og markmiðið göfugt“

„Sunnudaginn 28. apríl var fundur haldinn í fundarsal Húsavíkur í þeim til gangi að stofna verkalýðsfélag fyrir konur. Björg Pétursdóttir stýrði fundinum og las upp lög Verkakvennafélags Reykjavíkur, sem henni voru send, og spunnust nokrar umræður út af þeim. Félagið var stofnað af 46 konum, og kosin félagsstjórn, form. Þuríður Björnsdóttir, fjéhirðir Helga Þorgrímsdóttir og ritari Guðrún Eggertsdóttir og til vara form. Þorbjörg Sigurðard féh. Guðlaug Vigfúsd. og ritari Kristín Stefánsdóttir. Rætt var um árstillag til sjóðmyndunar og samþykt tillaga um kr. 1,00 sem árstillag. Fundurinn samþykti eftir nokkrar umræður að félagið skyldi heita Von.“

Þannig hefst fundargerð stofnfundar Verkakvennafélagsins Vonar frá árinu 1918. Áður en til fundarins kom hafði Björg Pétursdóttir unnið að stofnun félagsins með því að kynna sér réttindabaráttu kvenna hér á landi, en aðeins fjögur verkakvennafélög höfðu á þeim tíma verið stofnuð á landinu. *„Mér var ljóst, að hér var stórmál á ferðinni, sem ég tæpast kenndi mig mann til að veita forystu, enda heimilisástæður mínar þannig, að þær heimtuðu mig óskipta. Þó fann ég vel, að slíku málefni var ekki sæmandi að stinga undir stól, þörfin var brýn, og markmiðið göfugt. – Viðhorfið til framkvæmda hins vegar ískyggilega fast sveipað vanavéum afturhaldsins.“* Það má glögglega skilja á þessum orðum Bjargar hve vel hún gerði sér grein fyrir mikilvægi þess að verkakonur stofnuðu sín eigin baráttusamtök. Virðing fyrir störfum kvenna var lítil á þessum tíma, enda kjörorðin „frelsi, jafnrétti, bræðralag“ enn bundin kjarabaráttu karla.

Þrátt fyrir mjög krefjandi heimilisaðstæður sinnti Björg ýmsum trúnaðarstörfum fyrir verkakvennafélagið, sat um tíma í samninganefnd þess auk þess að gegna formennsku í nokkur ár. Björgu var alla tíð afar umhugað um velferð kvenna og beitti hún sér einarðlega fyrir bættum aðbúnaði verkakvennanna í Von.

Snemma varð ljóst að hugur Bjargar hneigðist til kveðskapar.

Ljóð hennar lýsa sterkri ættjarðarást, virðingu fyrir náttúrunni og því sem lifir. Erfið lífsreynsla markaði Björgu til lífstíðar, hún orti um látna ástvini þar sem sorgin flæðir í gegnum ljóðin. Í fundargerðarbókum Vonar má sjá að Björg var fengin til að flytja eigin ljóð á fundum í félaginu.

Þegar aðilar vinnumarkaðarins stofnuðu lífeyrissjóð í Þingeyjarsýslum árið 1970 til framfara fyrir verkafólk á svæðinu þótti við hæfi að nefna sjóðinn Lífeyrissjóðinn Björg. Það er til heiðurs baráttukonunni sem rúmum 50 árum áður hafði gerst hvatamaður að stofnun verkakvennafélags í þorpinu við Skjálfanda.

Þann 28. apríl 2018 voru 100 ár liðin frá stofnun Verkakvennafélagsins Vonar. Á þessum merku tímamótum er við hæfi að minnast þessarar merkilegu konu með útgáfu á ljóðum eftir hana. Framsýn, stéttarfélag stendur að útgáfunni ásamt afkomendum Bjargar sem söfnuðu saman ljóðum til birtingar eftir formóður sína. Samstarfið við afkomendur hefur gengið afar vel og fyrir það ber að þakka sérstaklega. Þá ber einnig að þakka öllum þeim öðrum sem komu að útgáfu bókarinnar fyrir þeirra framlag til verksins.

Það er von okkar að lesendur bókarinnar eigi eftir að virða þetta sameiginlega framtak Framsýnar stéttarfélags og aðstandenda Bjargar Pétursdóttur og njóti kveðskapar þeirrar framsýnu konu sem markaði brautina í réttindabaráttu kvenna í héraðinu á erfiðum tímum.

Virðingarfyllst,

Aðalsteinn Árni Baldursson
Form. Framsýnar, stéttarfélags

Björg Pétursdóttir

Björg Pétursdóttir fæddist á Birningsstöðum í Laxárdal 17. desember 1875. Foreldrar Bjargar voru Pétur Kristjánsson f. á Stóru-Reykjum Reykjahreppi 2. mars 1849, d. 7. maí 1937. Móðir Bjargar var Friðbjörg Þorsteinsdóttir f. í Hafralækjargerði í Nessókn 3. mars 1851, d. í Jörva, Húsavík 12. mars 1919. Þau eignuðust níu börn og var Björg næstelst.

Kornung fluttist Björg með foreldrum sínum frá Birningsstöðum að Ísólfsstöðum á Tjörnesi. Síðar bjuggu þau nokkur ár í Götu, rétt við Héðinshöfða.

Þegar Björg var ellefu ára gömul fluttist fjölskyldan að Helgugerði á Húsavík og þar bjuggu foreldrar hennar til æviloka. Eftir bernskuárin lágu spor Bjargar víða. Hún var í vistum á Stóru-Reykjum, Holtakoti, Múla og ýmsum fleiri stöðum.

21. október 1899, þegar Björg var 24 ára gömul, giftist hún Þórði Markússyni f. 19. maí 1879 að Lönguhlíð í Kræklingahlíð við Eyjafjörð. Foreldrar hans voru hjónin Margrét Jónasdóttir f. 16. desember 1855 á Gili í Fjörðum, Grýtubakkahreppi og Markús Ívarsson f. 2. ágúst 1833 á Torfum, Hrafnagilshreppi í Eyjafirði.

Barnungur fór Þórður úr foreldrahúsum til móðurbróður síns, Lofts Jónassonar og á heimili hans ólst hann upp til 16 ára aldurs. Snemma varð Þórður að hefja lífsbaráttu sína, lítt studdur af öðrum eins og títt var um umkomulausa unglinga í þá daga. En honum farnaðist vel og varð fljótt eftirsóttur til allrar vinnu, bæði á sjó og í landi. Sjórinn heillaði hann ungan og sjómennskan varð hans

starf mestan hluta ævinnar. Hann var fengsæll svo af bar. Hann þótti á yfirborðinu ofurlítið hrjúfur og kaldhæðinn á stundum en hið innra mildur og hlýr, fullur samúðar og góðvilja til alls og allra. Þórður andaðist á sjúkrahúsinu á Akureyri 7. október 1967.

Fyrstu 8 búskaparár sín bjuggu Björg og Þórður bæði við Eyjafjörð og í Fnjóskadal en árið 1907 fluttu þau til Húsavíkur og bjuggu þar alla tíð eftir það.

Björg og Þórður eignuðust átta börn en eitt barn átti hún fyrir. Þau eru í aldursröð Karl Sigtryggsson, Olga Margrét, Steinþór Hermann, Sigríður Elinóra, Petrína Friðbjörg, Þorvaldur, Þorgerður Guðrún, Ívar, og Páll. Aðeins þrjú af börnum Bjargar lifðu móður sína, Karl, Sigríður og Þorgerður. Björg andaðist 26. nóvember 1953.

Björg var vel kunn fyrir ljóðagerð sína. Hún þótti gædd frjórri hugsun og lifandi tilfinningum auk þess að hafa ótvírætt ljóðrænt eðli. Menntun hennar var mjög lítil eins og títt var á þessum árum en létt og leikandi hagmælskan var henni í blóð borin eins og segir í eftirmælum um hana. Mörg af ljóðum hennar eru helguð ættjörðinni. Ást hennar á landi og þjóð voru henni hjartans mál. Hún orti mikið af minningarljóðum sem mörg hver eru gleymd og horfin. Hún orti um farna ástvini sína, eins og ljóðið *Perlurnar mínar* og hún orti um drauma sem ekki verða, eins og ljóðið *Tvennir tímar.* Hún orti um vorkomu, lóuna, fjöllin og margt margt fleira. Aðeins örfá af ljóðum hennar hafa birst opinberlega, en nú hefur þeim verið safnað saman til að allir sem áhuga hafa geti notið þess að lesa þau.

Afkomendur Bjargar Pétursdóttur vilja þakka Framsýn, stéttarfélagi fyrir að heiðra minningu hennar með því að gefa út ljóðabókina Tvennir tímar. Bókin geymir valinn hluta af ljóðum hennar. Einnig viljum við þakka Jóhannesi Sigurjónssyni fyrir yfirlestur og ráðgjöf.

Birgir Þór Þórðarson
Björg Ragúels

Til lesandans

Tak þú vægt á vansmíðum,
veg þú hægt að stökunum,
illa er bægt hjá brotunum,
en bógatækt á leirunum.

20. maí

Þjóðaratkvæðagreiðsla um lýðveldisstofnun 1944.

Ennþá rís úr öldum bláum
Ísland gamla, tindum háum
lyftir móti sumri og sól.
Enn er tign á öldnum hvarmi,
ennþá logar heit í barmi
frelsis þrá sem þjóðin ól.

Í dag skal þjóðin hrista hlekki,
hörmung liðin gleymd er ekki,
einn er hugur, eitt er starf.
Íslands börn, þér Íslands vinir,
erfið land þó bregðist hinir
sem virða hvorki ætt né arf.

Frjáls skal þjóð í frjálsu landi,
fagna lausn úr tjóðurbandi
sem hana um aldir hefur þjáð.
Auðmýkt gat hún aldrei numið,
undirgefni, hirðmannsskrumið,
né krjúpa fyrir konungs náð.

Vandi fylgir vegsemd hverri,
vandi er að stjórna þjóðar knerri
svo hann ekki sigli í strand.
Fleyi skal að frelsi stefna,
fögur loforð þarf að efna,
ef þjóðin á að erfa land.

Fámenn þjóð í litlu landi,
lögð í helsi í neyðarbandi,
fjötruð, rænd, í rökkri geymd.
Þó að hennar þorni tárin,
þá skulu örin minna á sárin,
þau skulu aldrei, aldrei gleymd!

17. júní

Nú mætist vor alþjóðar hugur og hönd
að heiðra þinn fæðingardag.
Og vorblærinn leikur um lög og um strönd
og ljóðar því minningarbrag,
því enn ert þú heiður og heill vors lands
úr helgustu minjum vér fléttum þér krans.

Svo heið er þín minning sem himinsins tjöld,
sem hreinasta kvöldsólar blik.
Og ættjörðin geymir þinn gullfagra skjöld
þú grófst ekki á merki þitt svik.
Nú á hún svo fáa, sem feta þín spor,
þú föðurlandsvinur og riddari vor.

Meðan tunga vor lifir, skal hugur og hönd
heiðra þinn minningar dag.
Og vorblærinn líður um lög og um strönd
og ljóðar þér saknaðar brag.
En fjallkonan dregur sinn fána að hún
og faldinn mjallhvíta skautar á brún.

Fossinn þrumaði

Fossinn þrumaði urðar orð
um örvillt mannkyn og bræðra morð,
um horfna menning, um heift og fals,
um hrörnun andans og glötun alls.

Svo kvað við lindin í hárri hlíð,
hennar rödd var svo mild og blíð,
hún kvað um sættir og sárabót
og sígrænt lim upp af stýfðri rót.

Hún kvað um allt sem af rústum rís,
um reista menning, sem lífið kýs,
um brotna fjötra og frjálsan lýð,
um frjósamt vor eftir dauða og stríð.

Hún kvað um réttlæti og heildar hag,
um hugsjón mannkynsins, bræðralag.
Hún kvað um sannleikans sigurþrótt,
um sólarris - eftir langa nótt.

Ein lítil eyja í heimi

Ein lítil eyja í úthafsgeimi
í Atlandshafi festi rætur,
ekkert land í öllum heimi
á sér færri sonu og dætur.

Hún á eld í ungum barmi,
afl í fossi, snilld í bögu,
engin lítil eyja í heimi
á sér dýrri minja sögu.

Hún á grimmd í vetrar valdi
voðinn ögrar hvers manns þori,
engin lítil eyja í heimi
á sér hlýrra bros á vori.

Stemmir saman loft og lögur,
lind í hlíðum, blóm á engjum,
engin lítil eyja í heimi
á sér fegri hljóm í strengjum.

Hún á fley með hrausta drengi
er hika ei þótt veður bylji,
engin lítil eyja í heimi
á sér dýpri sorgar hylji.

Hún á dýrlegt vor á vegi,
vorsól gyllir jökultinda,
engin lítil eyja í heimi
á um stærri sár að binda.

Döggvast tár um algrænt engi,
andar sorg í hljóðum blænum,
engin lítil eyja á heimi
á sér stærri val í sænum.

Eyjan mín

Eyjan mín við úthafspól,
eldi og hagli grætur,
en þar er vor og þar er sól
þar eru draumanætur.

Þar er fögur fjallasýn,
fossar, dalir, elfur,
yzt við voga eyjan mín
í aftanloga skelfur.

Norðurljósa leiftursbál
lýsir vetrar drunga,
þar er fegurst móðurmál,
sem mælir nokkur tunga.

Þar er orka íss og báls
Egils niðjar þjóðin,
þar eru ómar steins og stáls
í strengjum fossa ljóðin.

Þar er heimur Hávamáls,
heimur dísa og ragna,
vagga og leiði vitra Njáls
og veröld fornra sagna.

Eyjan mín sem alltaf býrð
í íshafs bylgju flóði,
þú átt Guð í geisladýrð,
Guð í sögu og ljóði.

Letrað mun í lífsins bók,
þá lýkur gleði og hörmum,
þá sem Guð mér gaf og tók,
geymir þú í örmum.

Þegar ég í síðsta sinn
sofna hvíldar blundinn,
falla ég vil í faðminn þinn,
fagra ættlandsgrundin.

Nafnið mitt

Mitt er nafn í gljúfra gjá.
Greipt er oft í hlíðum.
Upp til fjalla, út með sjá.
Ómissandi lýðum.

Blessuð litlu blómin

Blessuð litlu blómin, sem bíða eftir sól,
þau horfa öll til himins, en hvergi eiga skjól.
Þau hjöluðu við blæinn og brostu hýrt í gær,
en þá skein líka sólin, sem þeim er öllum kær.

Nú hnípa þau svo hnuggin og hrædd við stormsins raust,
þið getið allt eins dáið í dag eins og í haust.
Stormurinn er grimmur, hann æddi eins og fljót
yfir gróðurreiti og stýfði allt við rót.

En rótin lifir ennþá og aftur kemur vor,
og ótal hendur græða dauðans köldu spor.
Lífið ræktar alltaf og breytir rúst í reit,
en rotnunin og fúinn, byggja dauðans sveit.

Vorið eitt á lífið og vorið á sín börn,
sem vilja rækta auðnir og halda um lífið vörn.
Vormenn byggja upp landið og vorsins þrá er heit,
hún vermir allar rætur sem eiga fyrirheit.

Góðan daginn!

Góðan daginn glaði fuglinn minn!
Ég glaður sagði, hvað um sönginn þinn?
Því er svo lágt um ljúfa kvakið þitt,
er lét svo blítt við smáa kvæðið mitt?

Mér sýnist eitthvað að þér vinur minn,
þú ert svo hljóður, dapur svipur þinn.
Reyndu samt að leika gleði lag,
svo lífið ekki rökkvi um miðjan dag.

Hefur einhver ungum þínum rænt?
Eða vini þínum frá þér hænt?
Ljóð þitt er um liðna stund í dag,
lífið gefur efni í nýjan brag.

Máski þú eignist aftur bú í mó,
ef þú geymir þinnar sálar ró.
Horfir ekki of á gengin spor,
aftur gefur lífið sól og vor.

Hlusta þú um himinhvolfin blá,
hæstu tónum margra strengir ná.
Sjáðu hvernig sólin rýfur ský,
sorgar djúpi leynist geisli í.

Lóukoma 1920

Lóa láttu hljóma
ljúfa lagið þitt,
þína unaðs óma
elskar hugur minn.
Syngdu grát úr geði,
græddu sorgar spor,
syngdu um sumargleði,
syngdu um eilíft vor.

Lóukoma

Ertu komin ljúfa lóa
lyndi voru til að fróa
syngja ljóð um landið snjóa,
leiða vor í hjartað inn,
allir sönginn elska þinn.
Þú ert sumars sendiboði,
sælli daga morgunroði,
þó hér ríki vetrarvoði
þú vandar Drottni lofsönginn.
Vertu hingað velkomin.

Vorkoma

Ó vor! Þú ert komið með sólfagra sýn,
með síkvika hljóma á þúsundum strengja,
jöklar af kærleika klökkna til þín,
hvísla um hlíð: Nú fer daginn að lengja.
Fjallkonan vekur upp voröflin sín,
vaknandi elfurnar fjötra af sér sprengja.

Senn kemur heiðlóan sunnan úr heim
með sígilda kvakið og lofgjörð í óði.
Hver lífsandi fagnar þeim hugljúfa hreim
sem hugurinn geymir í minninga sjóði.
Hvort kemurðu lóa að heiman og heim?
Hér áttu ómana í sögu og ljóði.

Þú færir oss sumarið, síblessað vor
með sönginn og ilminn af blómum og stráum,
það fetar svo létt í þín lífrænu spor
og lífsgjafir færir oss stórum og smáum.
Þú minnir oss alla á eilífðar vor
og allt, sem er fegurst og heitast vér þráum.

Vornótt

Þú vornótt sem öllu færð vaggað í ró,
á vatni, á landi, um hæðir og mó,
með himneskri blíðu þú umfaðmar allt,
um eilífan kærleik þá dreymir gjörvallt.

Þú hjalar um leyndustu hjartanna mál,
þú heillar svo blítt hverja viðkvæma sál,
þú hjalar um sakleysi, sælu og frið,
um sumarsins blíðu og fuglanna klið.

Lífsþreyttum anda þú færir oft frið
og fjörvana hugmyndum veitir þú lið.
Þín huggun er styrk en svo hugljúf og blíð
að harmarnir hverfa með líðandi tíð.

Dvel þú sem lengst, ó þú dreymandi nótt,
þá dreymir hvert hjarta svo saklaust og rótt,
hver söngfugl þig kveður með saknaðar óm
með saknaðar tárum þig grætur hvert blóm.

Vorþankar

Þá geislar vorsins verma
og vekja blóm á grund
þá minnist blíður blærinn
við bárur út við sund.
Þá vanda vorsins fuglar
sín viðkvæm ástarljóð
þá kveður litla lindin
um lífið fagran óð.

Þú Guð sem vorið vekur
leið vor í mína sál,
ó, verm þú vitund mína
við vorsins geislabál
Þín hönd á himni og jörðu
þér heilagt vitni ber
þér öldur hafsins hlýða
og hneigja fyrir þér.

Kenn þú mér verk mín vanda
og vilja tigna þinn,
ó, lát þú ljós þíns anda
lýsa upp veginn minn,
þú sem á hug vorn hlustar
hjörtum veitir frið,
gef þú mér alsýn yfir
andans huliðssvið.

Hvað dreymdi vornótt?

Hvað dreymdi vornótt, er alsæl undi
við aftanroðans heita barm,
en vaknar hnuggin af höfgum blundi
með huldar sorgir og tár á hvarm?

Þú grætur vornótt er dagsins drottning
með döggling ekur við geislabál,
en ást og sorgir þér lúta í lotning
og lífið tjáir sín þagnarmál.

Ljóð

Nú heilsar sól af austur öldum,
alheim vefur kærleiks arm.
Nú heilsar vor af hennar völdum,
hlær við negg í hverjum barm.

Nú skjóta öngum allar rætur,
yljar sálin moldar baðm.
Jörðin öll af gleði grætur
er geislinn tekur hana í faðm.

Upp til fjalla

Upp til fjalla eg vil lifa
ein á meðal blóma á grund,
þar sem ljúfur blærinn bifar
blómum vors um aftan stund.

Upp með blómum eg vil rísa
endur hresst af nætur blund,
þá árdagsgeislar gullnir lýsa
glöð er vorsins barna lund.

Eins með blómum eg vil syngja
að öldubaki er hnígur sól.
Við nætur þeirra blítt mig byrgja
uns blöðin þeirra finna skjól.

Upp til fjalla eg vil deyja
ein á meðal blóma á grund,
á aftni vors mitt höfuð hneigja
í hinsta sinn þá festi ég blund.

Úr bréfi til vinkonu minnar

Vindblærinn hvíslaði orð mér í eyra,
andvarinn bað mig að láta þig heyra
að senn kæmi vorið með sólbros á vanga,
svefnléttar nætur og dagana langa.

Verður þá gaman að vaka og dreyma,
vetrarins skuggum að hrinda og gleyma,
baðast í sólhlýjum sumarsins örmum,
sæluna teiga af vorhimins hvörmum.

Haust

Þegar haustar, þegar blómin falla,
þegar skuggar hylja ljóssins brá,
nístings stormar naprir taka að gjalla,
náköld héla þekur foldu alla,
daprast vonir, þyngist hugarþrá.

Haustið kallar, hretin gjalla,
hnípin falla blóm í draum.
Vetrar kilja, vötnin þilja,
vandi er að skilja lífsins straum.

Þó að hrími hretviðrin,
hörku pínu ei lini,
við það hlýnar hugurinn,
að hugsa um mína vini.

Haustið kallar

Haustið kallar, húmlynd nótt
hylur jarðar baðm.
Blómin sölna, sofna rótt
í særðum móður faðm.
Daggir hníga af dagsins hvarm
á dána blómarein,
hver rúmar allan heimsins harm
og heimsins kvöl og mein?

Hver getur horft á heimsins sár
ef hann þau lækna má?
Hví ei að þerra tregatár
sem titra um sorgarbrá?
Hví ei að færa frið og sátt
og feigðar lýsa upp nótt?
Ef allífs faðir á þann mátt
og allan kærleiks þrótt?

Haustljóð

Eitt af því sem íslensk þjóð
á og lítt af gumar,
eru haustsins erfiljóð
eftir vor og sumar.

Sá sem hausti hörpu gaf
hana bjó með töfrum.
Ég held hún taki öllum af
Íslands skálda jöfrum.

Samt er ei gott að segja um það,
svo er úr mörgu að velja.
Sumir finna öllu að,
aðrir stjörnur telja.

Fölnuð blóm

Blómin mín fölnuð, þau frusu í nótt,
því frost er á haustsins leiðum.
Það leggur með helkulda lífsins þrótt,
laus er sá voði í skeiðum.
Stjörnurnar titruðu á himninum heiðum.

Sjómenn

Flutt við stofnun Slysavarnadeildar kvenna á Húsavík.

Er bárur á djúpinu blunda
og blærinn hvíslar um frið,
þá leggur með hugprýði á hafið
harðsnúið sjómannalið.

Þeir drengir með hetjulund herja
á hafdjúpin víða er sótt.
En Ægir er vargur í véum,
válynd er skammdegisnótt.

Þó dagana lengi og lýsi
og lognrótt sé úthafsins svið,
er árvökul alda í djúpi,
og alltaf er tvísýnt um frið.

Þó drengir með hetjulund herji
um hafdjúpsins víðfeðma svið,
þeir koma ekki allir aftur
þó andvarinn hvísli um frið.

Óðar en varir fer vindur
vaxandi um hafdjúpin blá,
það sýður á súðum á knerri
og svarrar í strengjum og rá.

Ef Ægir í aukana færist,
hve örsmá og þróttvana er skeið
gegn ógnum og hervaldi hafsins
þá er hrópað og barist í neyð.

Neyðaróp barst út í bláinn
á bylgjum um veglausan geim.
Fórnfýsi, mannúð og máttur,
er móttökustöðin við þeim.

Nú hefur mannvit og máttur,
mannúð og drengskapar lund,
brotið sér leið gegnum boða
til bjargar á hætturnar stund.

Við eigum von þá í reifum,
von sú er bjargföst og heið,
að samtökin verði að verkum
og verkin að björgunarskeið.

Báturinn Þversum

Þegar hnjúka hylur él
og hrannir rjúka á legi,
Þversum búkur þolir vel
þó á dúkum teygi.

Til sjómanna

Útverðir Íslands ungir og gamlir,
sædrifnu hetjurnar svalviðrum frá,
gangið til athafna göfgir og reifir,
gneisti ykkar ætterni um haukfrána brá.

Þið vökumenn Íslands, þið sókndjörfu sveinar,
er sækið til fanga um úthafsins mið.
Og gullið þið dragið úr greipum á Ægi,
þó grípˊann til vopna með harðsnúið lið.

Lífverðir Íslands, sem leggið á hafið
og lýðnum þið færið sitt daglega brauð.
Líf ykkar sjálfra þið leggið að veði
og landinu helgið þann dýrasta auð.

Ó, lýstu þeim Ísland er lágnættið skyggir,
lýstu með kyndlum um hættunnar svið,
þeim sem á voðastund verða að hníga
vopnaðir hugprýði - og biðja ekki um grið.

Kveldsýn

Þarna eru ský, sem skáldin hrífa,
skyldu þau heita Mjöll og Drífa?
Ber þau svanhvít, bláloftin við.
Sigla þau hratt með seglum þöndum.
Renndur er gulli reiði og bóma,
rósir úr litum allra blóma
þrykktar eru á þilfarið.

Lokkar kveldsólar leika um stefni,
af litlu eru ei fararefni,
ljósfeitar öldur lyfta súð.
Ofar ber fána í regnskýjarofum.
Síst má draga af dúknum lofið,
dregilinn hefur Bifröst ofið
og lagt til í honum litaskrúð.

Svo hurfu mér skipin í skýjasæinn
ég skildi að sunna var hnigin í æginn,
ég sá að það vakti himninum harm,
höfug tárin streymdu til jarðar.
En nóttin lofaði ljósbjörtum degi,
með litaskrauti frá austurvegi
og byrgði svo allt við sinn barm.

Fleyið horfna

Ó lýstu mér stjarna
og leitaðu með mér,
ekkert í heimi
er hulið fyrir þér.

Lýstu, ó lýstu mér,
langt yfir höf,
yfir húm og helju
og hafsins djúpu gröf.

Við geisla þína stjarna,
yst við báru brún,
sé ég fley með fannhvít
segl við efsta hún.

Sé ég göfgan fullhuga
standa þar við stjórn,
horfa djarft mót dauða,
sem dýra heimtar fórn.

Sé ég valda drengi
með hreinan, skyggðan skjöld,
þeir hopa ei undan hættu,
þó húmi að síðsta kvöld.

Að berjast við dauðann
er drengileg raun,
en hinumegin hafsins
þeir hljóta sigurlaun.

Heyri ég úr fjarska
hjartnæmt kveðjuorð
berast hljótt með bárum
sem brotna við storð.

Guðs auga vakir
og horfir gegnum húm,
heilög værðin drottnar,
þó kalt sé báru rúm.

Ljósviti himins
lýstu þeim heim,
gegnum brim og boða
og bládýpis geim.

Við morgunroðans strendur
þeir hljóta friðarhöfn,
höfundur lífsins
ritar þeirra nöfn.

Ó himinn, ó himinn,
þér hljóta að falla tár,
að hlusta á öll vor andvörp
og horfa á öll vor sár.

Þó förlist andans flugið
eins finnur þrá mín skjól,
þar horfna báran bíður
á bak við mána og sól.

Vatnsleysubræður

Bræðurnir, Egill og Lúther frá Vatnsleysu
í Fnjóskadal fórust á hákarlaskipi.

Hvarflar hryggur hugur
heim á fornar slóðir
þar sem áður undu
ungir sveinar heima.
Þar á blómgum bala
bærinn litli stendur
hljótt er heim um ranninn
en hér eru sporin þeirra.

Hér var æsku Eden
innstu drauma þeirra
bjartar skýjaborgir
brostu í geisla skrúði.
Þó að skyndi skúrir
skyggðu í stundar bili
blíðlynd æskan brosti
bjartsýn gegnum tárin.

Leiddust ungir arfar
æsku fram um brautir
yfir grýtt og gróið
glatt skein ársól vona.
Lögðu hönd á herfi
hófu starf með þrótti
hugðust rústum ryðja
rækta land í dalnum.

Þar var allt sem áttu
og unnu fyrr og síðar
bæir þeirra og brúðir
börn og föðurgarður.
Þar er minning þeirra
þar sjást verksummerki
hlýra sem að hurfu
frá hálfnuðu lífsins starfi.

Hneit mér sárt við hjarta
helfregn góðra drengja
þráði ég sólar sýnir
sorgin jók mér skyggni.
Yst við lífsins ása
eygði ég landið helga
þar sem leiðum lýkur
lífsins vegfaranda.

Vábrestir

Ort þegar tengdasonur minn drukknaði í fjörunni heima laugardaginn 13. apríl 1940.

Heyrast vábrestir
hníga vorþrestir
nístir negg harmur
nötrar við barmur.

Hrundi holskefla
hristi blóðhrefla
vá vann lausan
vopni kaus hann

Hví er líf lostið
lífsins negg brostið
meðan há heiði
hlær við lífsskeiði?

Hnígur þú óbættur
ástvin margþættur
grimmd og lögleysa
létu vald geysa.

Fæst ei svar sökum
sízt úr dulvökum
er þá áls-skvaldur
örlaga valdur?

Svo skal böl bera
blind sé tilvera
engan ásaka,
öllu svo taka.

Bænin mín

Heyr mínar bænir, ó himneski faðir,
ég helga þér sál mína um aldanna raðir.
Vertu mér þróttur í veikleika mínum,
vef þú mig faðir í örmunum þínum.

Trúspekin mín

Fyrst sál mín er gneisti af guðdómi þínum
þú getur ei neitað bænunum mínum.
Í eilífu samræmi er alvizka þín,
það er eilífðarvonin og trúspekin mín.

Þú Guð sem að vakir í vorblómi smáu,
í vaknandi barnssál, í moldinni lágu,
þú vekur allt frjómagn af vetrarins blund
og vermir með heilagri kærleikans mund.

Þú höfundur lífsins í háu og lágu,
á himni og jörðu, í stóru og smáu.
Allt ber þér vitni um alvisku og náð,
á allt er þín dásemd og kærleiki skráð.

Þú Guð sem ert höfundur himins og jarðar
og heimsenda á milli hvern frjóanga varðar,
tign þinni lýtur hver lifandi sál,
þig lofar að eilífu hugur og mál.

Við finnum þig drottinn í einu og öllu,
í ylgeislum sólar, í vetrarins mjöllu.
Þú mannsandans innsta og eilífa þrá,
þú ert ámælisljós, sem að hugrúmið á.

Þú ert minn Guð

Þú ljóssins Guð í anda og óði.
Þú alheims Guð í fórnar blóði.
Þú himins Guð í hæstu veldi.
Þú heimsins Guð í stormi og eldi.
Þú ert minn Guð.

Þú ert minn Guð og allra faðir,
sem efni og heima sameinaðir.
Þú kærleiks Guð í barnsins barmi.
Þú bænar Guð í neyð og harmi.
Þú ert minn Guð.

Þú lífsins Guð í lífi og dauða.
Þú líkn hins sjúka og hjálp hins snauða.
Þú lands vors Guð og leiðarstjarna,
ó, lít í náð til þinna barna.
Þú lífsins Guð.

Hagbarður

Þessi bæn hékk innrömmuð um borð
í mótorbátnum Hagbarði.

Hafi aldrei færðu fórn,
firrtu lýði trega,
hönd þín Guð um Hagbarðs stjórn
haldi ævinlega.

Vöggubula

Góða nótt, góða nótt
Guð og englar vaki
yfir þér í alla nótt
svo ekkert mein þig saki.
Legðu aftur augað þitt
elskulega barnið mitt
mamma vakir vöggu hjá,
vel hún skal að öllu gá
ef að tár þér er á brá
ei hún má þitt angur sjá
elsku reyndu að sofa
Guð í draumi gjörðu heitt að lofa.
Kannski að ég kveði meir
kvöldið er að líða

lampinn þornar
ljósið deyr
langt er ei að bíða
blærinn strýkur brekku fjalla hlíða.
Við skulum syngja um svanina
sem eru að koma á tjörnina
hlusta á litlu lóuna
sem lofar Guð fyrir dýrðina
alla fallegu fuglana
sem flögra um grænu móana.
Lengur ekki syng ég söng
sofðu þó ég vaki.
Vetrarkvöldin verða löng
vorsól er að baki
sof þú – þó ég vaki.

Tvennir tímar

Hver einasti maður á innstu þrá
en óskir hennar ei fylling ná,
það villir svo margt um veginn.
Að morgni er hugur manns svo stór,
þá merlað er gulli land og sjór
og trúin á mátt sinn og megin.

Bernsku vonin er hásýn og heið
og hvarvetna sér hún opna leið
að óskalands iðgrænu ströndum.
Þar eygir hún gull og grænan hlyn,
í glöðu brosi sinn einkavin
og tekur því tveimur höndum.

Svo líður æskan með léttum straum
og lífið tekur sem fagran draum
og hyggur ei hættu á vegi.
Tíminn er nægur að marka sér mið,
hún má ekki stansa eða tefja sig við,
hún ætlar það ókomnum degi.

En næsta dag sjást ei skýjaskil,
það skeflir á veginn um hádegisbil
og fegurstu vonirnar fennir.
Vinirnir hverfa í vanbyrgðan hyl,
vegirnir týnast í örvænisbyl,
lífs eru tímarnir tvennir.

Hver sá er villtist um firnindi og fjöll,
finnur æskunnar draumahöll
í minninga morgun heiði.
Og vegirnir liggja um lokuð sund
að landinu horfna með gull í mund
fáir, sem að götuna greiði.

Dæmið varlega um villta menn,
þeir villast og hrasa, hvortveggja í senn,
þó vilji til vegar segi.
Það kynda svo fáir þann arineld,
sem yljar og lýsir um morgun og kveld,
þeim - sem villast af vegi.

Perlurnar mínar

Ort eftir missi 6 barna af 9.

Þú geymir mínar perlur í sjóði þínum, sorg,
þú sóttir þær með drottins valdi þínu.
Þú hylur þær í djúpinu í þinni þöglu borg,
þær eru roðnar hjartans blóði mínu.

Þú beygðir mig í duftið, hver dagur varð að nótt
er dauðinn vó að lífs míns dýpsta gróðri.
Þú réttir mér þinn bikar, ég bað og stundi hljótt
í botn ég drakk í örvæntingu hljóðri.

Ég hef reynt að láta mínar undir blæða inn,
svo enginn þyrfti um þeirra sár að binda.
Nú líður ört á daginn, ég lokatökin finn,
mér ljómar dagur nýr um fjarri tinda.

Bíddu máni

Bíddu máni bak við ský,
byrg þú geisla þína,
hryggri sál er ömun í
ef þeir fá að skína.
Í nætur dökkva dyl ég harma mína.

Köld var stundin máni minn,
mig þá örin nísti,
Skuld mér bikar skenkti sinn,
skál að vörum þrýsti.
Þá var gott að geislinn ekki lýsti.

Heimurinn aumra hæðir tár,
hyl þú geisla þína,
máski ég verði á morgun nár,
þá mæla ekki liðnar brár.
Heiminum aldrei helga ég sorgir mínar.

Sárt er mér að krjúpa á kné,
köldum fyrir heimi,
máti hans er mont og spé,
hann metur að engu heilög vé.
Ekki er kyn þó margan dapurt dreymi.

Dánar vonir

Dáinna vona drekk ég minni,
dularfull nótt, í hugró þinni,
þú þollynd og hugnæm ert harmandi sál.
Stattu á öndinni, hreyf ei við höndinni,
húmskýjum sveipa öll lýsandi blys.
Ég þoli engan ys og má ekki vakna
því margs er að sakna.
Gef þú mér frið, legg þú mér lið,
svo hugur minn verði ekki að hrynjandi lindum,
eða helrúna myndum
og háværum fossanið,
eða grátklökkum gýgjuklið.
Líttu á sárin mín, sérðu ekki tárin mín?
Vonirnar þrotnar, varnirnar brotnar,
vinlausa syrgjandi þrá,
flugvana, ljósvana, lífvana,
lyftu henni duftinu frá.
Láttu hana dreyma um ljósbjarta heima,
sumarið, sólina, vorið.
Sendu henni vonina,
gefðu henni þorið,
ljáðu henni vonina,
léttu henni sporið.

Draumsýnir

Þegar nóttin náðar vængi breiðir,
náðir þjóðir taka á hennar arm.
Hugann fram á huliðsvegi seiðir
hugró djúp, svo stillast tár á hvarm.

Þá opnast berg, þá opnast luktir dalir,
þá opnast svið á bak við tíma og rúm.
Þá opnast himins duldu dýrðar salir,
í dulsýn andinn skyggnist gegnum húm.

Einmana

Einmana oft ég þreyi,
ævinnar hallar degi,
augnablik verða að árum,
undir loga úr sárum.
Ört finn ég þolið þverra,
að þiggja, dauðanum verra.
Leiður, er langþurfi öllum,
lýttur í kotum og höllum.

Efnaþrot

Til hvers er að benda á brot,
brot sem hafa efna þrot?
Í þeim finna engin not,
ekki má þeim hrinda á flot.

Talað við aftanblæinn

Þú verður andvaka aftanblær
ef þú ferð ekki að sofa.
Sárþjáðum heimi er kyrrðin kær,
og kvöldið værðina lofar.
Ekkinn stöðvast við andvörp þín
og angistin hjúfrast í nætur lín,
unz aftur til árgeisla rofar.

Þunglyndi

Þó mig beygi synd og sorg
og sálar skyggi að inni,
að himnakonungs höfuðborg
held ég stefnu minni.

Klaka bundin standa strá
stynur undir rótin.
Þjökuð lund með þreytta brá
þráir stunda mótin.

Helst ég kysi á heljarskóm
hratt til grafar tifa,
því í lífsins kuldaklóm
kann ég ekki að lifa.

Skyldi aldrei skína af degi?
Skelfur hér í myrkri önd.
Þó ýmsir sigli frjálsu fleyi
fram og yfir að lífsins strönd.

Hnignun

Margra alda menning,
máttur, auður, tækni,
beinist allt að eyðing,
allt sem lifir deyða,
kúga minnsta máttinn,
maður látast vera,
ekki er allt sem sýnist,
ýmsir grímu bera.

Andvana barn

Hvað getur hreinna í heimi vorum fundist
en hjarta sem að aldrei þekkti synd,
tunga sem úr þagnar fjötri færðist?
Svo fórst þú hreinn í guðs þíns réttu mynd.

Látið í kistu barnsins míns

Geymdu litla ljóðið mitt
við liðna barminn þinn,
það er kveðja mín svo hrygg og hljóð
í hinsta sinn,
hún hjúfrar sig svo hlýtt og blítt
við hjarta þitt.
Þó gröfin hylji hismið þitt,
hún hjá þér vakir, barnið mitt
og bleikum vörum blítt og rótt,
hún býður góða nótt.

Í fjötrum

Blunda ég í tötrum, bundin fjötrum.
Hristi hlekki, þeir hrökkva ekki.
Svíða sárin. Ég sé gegnum tárin.
Ég sé til fjalla, þau seiða og kalla.
Þrá mín heyrir, þó helfjötrar reyri.
Hún þráir frelsi, frá húmi og helsi.
Frá öllu lágu, um loftin háu,
hún leggur af stað.
Þá er ekkert að, allsstaðar sólskin
og blómskrýddar lendur á báðar hendur.
Hún sækir til fjalla, þau seiða og kalla.
Hún sér þau svo alhrein, úr morgunlaug stigin,
þeim er eldur í barmi, árgeisli í hvarmi,
í algleymi þrá mín, í faðm þeirra hnigin.
Hún hlustar, hún heyrir eilífðar óma
í öræfa þögninni, sígilda hljóma.
Gegnum aldanna húm, yfir tíma og rúm
ljósvana sálum þeir lyft hafa úr myrkranna dróma.

Fanney Björnsdóttir 1906-1923

Þú fagra ljóssins lilja
þú lífsins sumarblóm
þig svæfði svali dauðans
með sínum dapra hljóm.

Saklaust æsku yndi
var árdögg þinni sál
því alhrein árdags fegurð
er alheims blómamál.

Þú unnir öllu fögru
sú ást var himins gjöf
sem leiðir þig til ljóssins
svo langt frá myrkri og gröf.

Í foreldranna faðmi
þú fannst í lífi skjól
þar unnir þú svo ánægð
og alltaf móti sól.

Og enn í föður faðmi
þig felur ástin heit
þar unir þú um eilífð
í Edens vermireit.

Þín sólbjört minning svífur
svo sæl í gegnum harma
hún andar helgum unað
í ástvinanna barma.

Hún er þeim helgur auður
sem ekkert grandað fær
og hvert sem leiðin liggur
hún lýsir þeim svo skær.

Lóuvísur - Hugfró

Aldrei þó að eygi sýn
andinn nógu bjarta,
blessuð lóa, ljóðin þín
leiða þrá í hjarta.

Máske ég fái að fylgja þér
fram um bláar leiðir.
Yfir háa hrönn og sker
hugann þráin seiðir.

Þó að bakið bogni mitt,
bresti þrótt í fætur,
blessað kvakið þetta þitt
þíðir hjartarætur.

Horfnir dagar

(Amma kveður)

Man ég ykkar unaðstíð
og æsku minna loga,
þá árdagssólin björt og blíð
bjarma sló um dal og hlíð,
svanir sungu um voga.

Ljóssins dísir lýsa þá,
ljóðið kvað í blænum,
hugann seiddi hulin þrá,
hlýtt var draumalöndum á,
báran svaf á sænum.

Ennþá heyri ég unaðshreim
ykkar ljúfu hljóma,
kært er mér um hugarheim
að hlúa blítt að tónum þeim,
sem hljóma í aftans ljóma

Jóhann Ragúels

Fósturfaðir Olgu Margrétar Þórðardóttur.
F. 1875 - D. 1942.

Ég lít um öxl á liðinn, genginn veg,
lít í fjarska horfna vini mína,
ef svanur væri, syngja skyldi ég
sólarljóð sem geymdi minning þína.

Þú lifðir hér á varga og víga öld,
en vannst í kyrrþey undir friðar merki,
gættir þess að hafa skyggðan skjöld,
skilaðir með heiðri dagsins verki.

Þeir eru heiður þessa gamla lands,
þeir sem aldrei bletta minning sína.
Þegar einhver getur göfugs manns,
getið er um liðna æfi þína.

Snemma lífið bjó þér beiskan harm,
burtu ljósið tók, en húm þér sendi.
Hetjulund þú barst í heitum barm,
böl þitt dulið, studdur vinar hendi.

Ég veit þú hefur dregið dúk að hún,
með djörfung siglt um lífsins dular vegi,
og sjálfsagt eygt við ystu hafsins brún
árdagsroða af nýjum lífsins degi.

Afmælisvísur

til Rannveigar í Sólheimum 10. júlí 1929

Júlí valdar sæti sitt
sumar blíðu hljómum,
fylla vill hann fangið þitt
fögrum unaðs blómum.

Ýmsir rétta að þér mund,
sem ekki verður talin,
eins í dag og alla stund
ertu guði falin.

Svo þar blómgist, rós við rós,
ráð þú hugsjón mína,
sólardrottinn sendi ljós
í Sólheimana þína.

Hafdís Jóhannsdóttir

Ort til Hafdísar Jóhannsdóttur
á fermingadegi hennar.

Í æskunnar vermireit enn áttu skjól,
með ástvina hlýju sem blóm móti sól.
Enn hafa ei vorhretin skyggt á það skin
með skuggum - sem vega blómanna hlyn.

Heillaóskir til brúðhjóna

Þið sem út á lífsins leið
leggið á þessu vori,
gott er að hefja gönguskeið
með gróandann í spori.
Sólar megin liggi leið,
ljósi merluð, slétt og greið,
vonin brosi himinheið,
hvergi skýja sori.
Lífið ykkur verði að hlýju vori.

Harpan mín

Ég er þér bundin,
við fyrsta fundinn
mig festi stundin
þér, harpan mín.
Ef þyngist lundin
og lokast sundin
og logar undin,
ég flýg til þín.

Heillaósk

(Báturinn hét Norskur)

Heyrðu frændi hvers ég bið:
Hljóttu gnægð af þorski.
Þegar fram á fiskimið
fleytir litli Norski.

Ef þú safnar auði í hönd
á úfnu drafnarveri,
í Drottins nafni, ára önd
allt til hafnar beri.

För mín til furðustranda

Ort til íslenskra skálda

Þeim er betri þögnin ein er þurfa að klifa
ljóðagjörð til þarfa og þrifa
á því sem aðrir hugsa og skrifa.

Einlægt brestur orðaval og efni líka
þó farið sé um furðustrendur
finnast hvergi auðar lendur.

Eitt sinn lagði ég á stað í óför slíka
óðar gleymdi ég efnisheimi
andinn var þar lengi á sveimi.

Lista svanir sátu þar á söngva bekkjum
ýmsir hér frá efnisheimi
óteljandi úr dulargeimi.

Ekkert sæti átti ég þar og enga vini
hjá þeim miklu lista ljónum
litin var ég smáum sjónum.

Steingrímur þar stillir hörpu, á strengjum lætur
óma fögur ástaljóðin
ymur í tónum sjafnarglóðin.

Þegar Grímur hörpu hreyfir hríslast björgin
öng í stuðlum efstu urða
aldrei hljóp á þráðinn snurða.

Syngur enn um ferða frægð og foldar minni
hann, sem ljóðin kveða kunni
svo kvað við allt í náttúrunni.

Matthías þar bogann spennti báðum mundum
til allra heima er hann boðinn
alltaf sami tignargoðinn.

Stefáns harpa hærra tók en hinar allar
langförull um ljóða veldi
lengir daginn fram að kveldi.

Breiðfirðings þar svanir voru á sólarbárum
ættlands þrá í strengjum stundi
stirðnuð bráin vakna mundi.

Þegar Hjálmar þreif til gígju þrymdi heimur
sagði hýr í hugans inni
hrein í strengjum sjóla minni.

Andvarp mér við eyra var er undrun vakti
sá ég þá við sólar heiði
svaninn gráta á Kristjáns leiði.

Ekki er Kvaran ennþá kominn uppá hjallann
alltaf sálin er að vakna
eftir því sem fjötrar rakna.

Heyrði ég Þorsteins söngva svan í sumar strengjum
svífa hverjum erni ofar,
aldrei sjónin til hans rofar.

Einar Ben hjá Braga sat og bikar kneyfði
harpan lík og loga rákin
leiftruðu sporin eftir fákinn.

Sá ég Guðmund sitja þar á svörtum hleinum
brá hann grönum, greypti á skjöldinn
galdrarúnir bakvið tjöldin.

Rauðir blossar brunnu þar á bjarkatindum
krunkuðu þar hvítir hrafnar
hvergi fundu sína jafna.

Óteljandi svanir sungu í sölum Braga
þar kenndi ég hörpu Katla goðans
knúða á vængjum morgunroðans.

Guðmundur svo gripinn snart að gall við strengur
söng hann hátt við heiðið frána
um hennar spor sem bjó við ána.

Yst við ljómans bárublik á Braga sænum
þar sem unaðs ómar vaka
Árdals heyrði ég svaninn kvaka.

Svanur Huldu syngur ljúft á sónar hylnum
opnast björg og álfahallir
óma gígju tónar snjallir.

Sigurjón á sónar hylnum sótti í djúpið
hlustaði næmt við harmagættir
heilluðu tónar landsins vættir.

Ennþá Jóhann yrkir ljóð af eigin hvötum
búin glæstum Braga klæðum
býr hann efst á sálarhæðum.

Svanur Davíðs söng þar milt um sárafossinn
Kristur á þar æðsta kossinn
ætli hann vilji bera krossinn?

Með vindsúg miklum velti Tómas vorsins stjörnum
fákurinn honum veginn varði
valt hann um í klausturgarði

Rennur Steinars ljóðalind um lukta vegi
stundum undir götum grafin
gáta er í dulmál vafin.

Vel gekk Trausta um huliðshaf með heimleið sína
gistir hann nú á goða palli
hjá góða Jóni og Síðu Halli.

Fána val á Arnars Örn í óma veldi
undirspil lék hrönnin háa
við hinstu sigling Stjána bláa.

Varla mundi endast aldur alla að telja
sem í andans svanalíki
sæti eiga í Braga ríki.

Þó er einn sem á þar heima og átti að nefna
býr hann þar í Braga hreysi
og barmar sér um efnaleysi.

Fnjóskárdalur

Flutt á fundi þar sem saga dalsins var lesin upp árið 1901.

Þú fagri Fnjóskárdalur
með fjallatignarsýn,
ó, hvar finnst fegri salur
en fjallabyggðin þín.
Með blómgum birkilundum
og blíðum fuglaklið,
með fagurgrænum grundum
og glaumi af vatnanið.

Margs hefur þú að minnast
frá mærri æskustund.
Hvar má þau fræði finna?
Hvar felst þitt dýra pund?
Það dylst í tímans djúpi,
það djúp er perluríkt,
úr sagna hulins hjúpi
þarf hrífa burtu slíkt.

Héraðshátíð á Breiðumýri

Hátíð haldin á Breiðamýri við vígslu Laugaskóla 1925

Hátt til lofts og vítt til veggja
var í þeim mikla ræðusal.
Sindruðu gneistar andans eggja
yfir flóa, strönd og dal.
Rofnuðu luktar landsins gættir,
logaði allt af samhrifning.
Hljóðnuðu allar helgar vættir
og héldu að guðir settu þing.

En það voru bara Þingeyingar,
en þeir eru allir listamenn,
ljóð og sögur þeir láta klingja
á lofti eru vopnin mörg í senn.
Íþróttamenn með afbrigðum
eins og hugur í framkvæmdum.

Athafnir voru undirbúnar,
eyddust þar margar stundirnar.
Úr blómviðum samanbrugðnar, snúnar,
bar og við loftið girðingar.
Flaggstengur hvergi eimt var í,
Arnór stóð sjálfur fyrir því.

Hér var nú sýslusómi í veði,
sízt mátti bægja tilþrifum,
söngurinn vakti grát og gleði,
glumdi í ræðuskörungum.
Jónas með D og við hæsta hún,
hugsið ykkur þá lagarún!

Í skrautfylking gekk allur skarinn
ginnhelgan inn á leikvöllinn,
lúður var þeyttur, bumba barin
svo biluðu hvergi samtökin.
Drundi við lofts og lagarkór,
landsins merki bar sýslu-Þór.

Renndur var gulli ræðustóllinn,
rúnum skráður á hverja hlið,
gnæfði hann þar sem hæstur hóllinn
himni og jörðu blasir við.
Þjóðfrægan allir kenndu klerk,
kenndur við Hallgríms snilldarverk.

Öllum var sýndur sýsluskólinn
af siðmenning þveginn hátt og lágt.
Tvístraði skýjum sumarsólin
svo að hún skini í hverja gátt.
Hér má ekki nefna meistarann,
mönnum var kannske sárt um hann.

Langstökk var hafið hlíða milli,
hrifin stóð fjöldinn langa stund.
Hástökk þeir frömdu hreint af snilli
í hyljunum þreyttu lista sund.
En kapphlaup, glíma og kappreiðar
krýndu þó allar listirnar.

Bifreiðar fluttu fólk með snilli,
flestir muna þær stundirnar.
Himins og jarðar mitt á milli
mátti eygja þar flugvélar,
úti um mó og allsstaðar,
eins um hraunin og slétturnar.

Anganin fyllti allan daginn
frá ilmandi kaffi og réttunum.
Andaði hægt af hafi svalinn,
hneigðu sig blóm á sléttunum.
Sungu þar allir sama lag
að sjá til eilífðar þennan dag.

Loks var þurrausinn lista brunnur,
þá ljómaði fagur kvöldroðinn.
Mælti hið sama sérhver munnur
- svo var hugsunin einráðin,
að allir mundu á Garðars grund
geyma í minni slíkan fund.

Þá kom heilagur Fróða-friður,
faðmaðist allt í næturró.
Sauðaklukkur og kossaniður
kvað við frá dal og út að sjó,
vaggaði öllu værðar til.
Veit ég svo ekki á fleiru skil.

Húsavík

Hér er friðsælt föðurland,
flestir önnum kafnir.
Hér þarf hvorki hjálm né brand,
hér eru allir jafnir.

Þorpið Húsavík verður kaupstaður

Húsvíkingar, þorpið okkar verður bráðum bær,
með blómreitum, kornökrum og öllu því sem grær,
með orkustöð er sendir ljós sem lýsa helst til sterk,
því líklegast fæst engin kimi fyrir myrkraverk.

Húsvíkingar, þorpið ykkar verður bráðum bær,
með byggingum sem gnæfa yfir verksmiðjurnar tvær,
með ráðhús sem að hýsir okkur ekki fyrir neitt,
því ef að Jónas vill það, þá fæst því ekki breytt.

Húsvíkingar, þorpið okkar verður bráðum bær,
sem byltir sér á endum og lögin af sér slær,
með hitalögn sem vermir bæinn bæði langt og breitt
og bílastöð sem keyrir fyrir svo sem ekki neitt.

Húsvíkingar, þorpið okkar verður bráðum bær,
með brauð í tvennum mundum svo engan hungrað fær,
og hvergi finnast geilar svo heildin verður heild.
þá heyrist ekki dýrtíð nefnd - og ekki í Söludeild.

Húsvíkingar, þorpið okkar verður bráðum bær,
með bæjarstjórn og fulltrúa sem öllum verður kær,
hreppsnefndinni og oddvita þið hendið út í horn,
en hættan er, þeir geta allir lent í bæjarstjórn!

Húsavík

Húsavík hafstrandar prýði,
hraundranga, flóa og sker,
himininn, háfjöll og víði
hlýlega vefur að sér.

Húsavík, hálsmen og festi,
hefir til vorlanda sótt,
sýnir það góðvin og gesti
er gist´ana Jónsmessunótt.

Aftaninn eldi um flóann
og útlendur himinsins fer.
Öldur með ljósbjartan lófann
lyfta um hafflötinn sér.

Lögin frá lóum og erlum
ljóða um heiðar og strönd.
Ársal úr ársólar merlum
óf þér hin listræna hönd.

Kinnarfjöll, himinn og hafið,
heiðblámans skreyta með lit,
veturinn velur þeim trafið,
þau vaka í ljóðrænum þyt.

Elfur frá háfjöllum yngja
öldur ljósgrænum hjúp,
tónarnir samstilltir syngja,
sefa hið titrandi djúp.

Flatey sér lyftir úr legi
lognsvæfð um kvöldroðastund,
vaknar með draumlausum degi,
dvelur við úthafsins sund.

Til ungmennafélags Húsavíkur

Í Garðars hvammi þroskast þjóð
með þrek í lund og arm.
Með Íslands forna ættar blóð
og Íslands forna megin glóð,
með Íslands hug og ást í barm,
með Íslands blik um hvarm.

Í Garðars hvammi glóa blóm
við geisla megin flóð.
Við suðurs hlýjan söngva óm,
við sævarrót og bylgju hljóm,
við fjalla sýn, við fugla klið
og fagran lækjarnið.

Við Íslands vetrar vængja slátt
og vetrar hreina mjöll.
Við mánaskin á himni hátt
og heiða, bjarta stjörnunátt,
við norðurljósa leifturbál
og landsins vætta mál.

Slysavörn á Húsavík

Að vinna mót slysum er vandasamt starf,
að vera þess megnugur hvenær sem þarf,
það er göfug hugsjón, það er mark vort og mið,
að marki því stefnir vort einhuga lið,
án samtaka er máttur í molum.

Því landið vort gamla við úthafsins ós,
með eldinn og jöklana og bragandi ljós,
þú átt hættur við útsker, annes og sund,
þitt auðmagn er fjötrað í herskárri mund
sem vekur þér ólífis undir.

Þú háfjalla móðir með aflið í arm,
þú ískrýnda drottning með tigninnar hvarm,
enn átt þú sonu sem sigla um höf,
sækja um hafsjó en biðja ekki um gjöf,
láta þá allt - eða ekkert.

Þið vökumenn Íslands, þið varðmanna sveit,
að vaka með ykkur þess strengjum við heit,
að kynda þá vita sem ættjörðin á,
að efla þau bjargráð um víðfeðman sjá,
sem hjálpa - á hættunnar stundum.

Kinnarfjöll

Kysstu fjöllin síðdagssól,
sæmdum gullnum lokkum,
bláum möttli bylgjustól,
brims á löður stokkum.

Laxá við Hólmavað

Hérna úti er drottning dalsins,
dul í skapi, sigaþung,
með strengjaljóð í straumi og iðu
stuðlamálin forn og ung.
Margþætt líf í elfar innum
á sitt vor og gróðurheim,
dalsins lýð frá manna minnum
miðlað hefur drjúgum seim.

Óðul sín hún á í djúpi
innst við sýslu hjartastað,
dvergasmíð er harpan hennar,
huldumál um sveitir kvað.
Örmum lykja álar skyggðir,
eyjafjöld með gróðurmagn,
út um landsins öldnu byggðir
ekur ljósi fossa vagn.

Áfram yfir kletta og klungur
klifar dalsins mikla æð.
Stefnufastur straumur þungur
stefnir út í lygna flæð.
Þaðan fram í bröttum boða
byltir sér í úðahlíf,
út í hafsins hranna voða
henni er búið annað líf.

Minni ellinnar

Flutt á fundi verkakvenna þar sem nokkrar gamlar konur voru heiðursgestir.

Syngja vildi ég ellinni sólarljóð í kvöld,
syngja henni minni, rita á hennar skjöld
þakkir fyrir unnið starf, í þarfir mannfélags,
þúsund sinnum óska henni dýrðlegs sólarlags.

Á efsta kvöldi mannsins, þá eilífð nálgast kyrrð,
ævisólin hnígur í roðaskærri dýrð,
aftanblærinn strýkur um aldna, þreytta kinn,
andvörp stíga þögul til guðs í himininn.

Silfurhvítar hærur, signa öldungs brá,
sólbjört dýrðar vonin, krýnir andans þrá.
Andinn skyggnir fram, um höf og hulins lönd,
höfn með sigri nemur, við morgunroðans lönd.

Þuríður Björnsdóttir

Ort í september 1944.

Það er ósk til þín frá mér,
þar er ei fals að baki,
aftangeislar ylji þér
að andar hinsta taki.

Til Didda Hall

Ort til Sigurðar Hallmarssonar
þegar hann var að fara í kennaraskólann 1948.

Leið er hál um hæstu stig,
heimsins mál er gróði.
Láttu ei tálið lokka þig,
þótt lífið skál þér bjóði.

Til Friðriku Þorgrímsdóttur

f. 1877- d. 1958

Leiki glatt þitt lukkuhjól,
með ljúfu strengja blaki,
þegar æfi sjötug sól,
sígur að fjalla baki.

Þó ei gnæfi grátur kífs,
gleðin kæfi trega,
þína götu gæfan lífs
greiði ævinlega.

Til Hillu Halldórsdóttur

Afi komdu hingað heim
Hildigunni að finna,
hún þér tekur höndum tveim,
hún er að reyna að vinna.

Vögguvísur

Ort til Hildigunnar Halldórsdóttur.

Líttu á blómið Lilla mín,
það lætur aftur blöðin sín
og rólega bærist blænum í,
bara eins og mamma vaggi því.

Hér við gluggann er hlýlegt skjól,
hér á það vöggu móti sól,
litla blómið í bláum kjól,
sem blessuð sólin úr moldu ól.

Tileinkað manninum mínum

Yfir lífsins öldurót
eg hef löngum barið,
þó að byrinn blési á mót,
bar ég innst við hjartarót,
von og trú sem vörðu ljós á skarið.

Alltaf þrái ég sólar sýn,
sit í myrkri löngum,
ef hún gegnum skýin skín,
skín á öldubrotin mín,
þorna tár á þreyttri brá og vöngum.

Ef mér lífið ætlar töf
enn á skugga ströndum,
vil ég mína vöggugjöf
vefja í þinnar geisla tröf,
hún geymist bezt í hlýjum vinar höndum.

Um bónda minn

Spurt var eftir bónda mínum sem var að sækja vatn en var nokkuð lengi.

Fór hann Doddi fötur með,
ferðin hét í lækinn.
Ég hef hvorugt síðan séð,
svona fara tækin.

Upptalning

Oft að fresta illu er best.
Oft ber hestur svangan gest.
Oft það mesta illa sést.
Oft eru presta dæmin verst.

Oft fær tæfan illt á bak.
Oft er gæfan brostið flak.
Oft er hæfi andartak.
Oft er lævi blandað kvak.

17. desember 1934

Höfundur 59 ára.

Oft við hlýja sumarsýn
og svartan skýjavetur,
eru níu árin mín
og fimmtíu betur.

Þó ég hafi erfitt átt
og orðið sárt að kanna,
margan góðan dreg ég drátt
úr djúpi minninganna.

Tíminn þokast hægar en hægt
hinstu að merkja línum.
Tak þú drottin vægar en vægt
á veikum brestum mínum

Á förum

Margt er að þakka
á marar bakka,
stend ég ferðbúin og stari á haf.
Ef fleyið mitt bilar,
báran mér skilar
eflaust að sandi
á sólar landi.

Uppröðun á ljóðum:

Til lesandans 7
20. maí 8
17. júní 10
Fossinn þrumaði 11
Ein lítil eyja..... 12
Eyjan mín 14
Nafnið mitt 16
Blessuð litlu blómin 17
Góðan daginn 18
Lóukoma 1920 19
Lóukoma 20
Vorkoma 21
Vornótt 22
Vorþankar 23
Hvað dreymdi vornótt 26
Ljóð 25
Upp til fjalla 26
Úr bréfi til vinkonu minnar 27
Haust 28
Haustið kallar 29
Haustljóð 30
Fölnuð blóm 31
Sjómenn 32
Báturinn þversum 34
Til sjómanna 35
Kveldsýn 36
Fleyið horfna 37
Vatnsleysubræður 40
Vábrestir 42
Bænin mín 44
Trúspeki mín 45
Þú ert minn Guð 46
Hagbarður 47
Vögguþula 48
Tvennir tímar 50
Perlurnar mínar 52
Bíddu máni 53
Dánar vonir 54
Draumsýnir 55
Einmana 56
Efnaþrot 57
Talað við aftanblæinn 58
Þunglyndi 59
Hnignun 60
Andvana barn 61
Látið í kistu barnsins míns .. 62
Í fjötrum 63
Fanney Björnsdóttir 64
Lóuvísur- Hugfró 65
Horfnir dagar 67
Jóhann Ragúels 68
Afmælisvísur 69
Hafdís Jóhannsdóttir 70
Heillaósk til brúðhjóna 71
Harpan mín 72
Heillaósk - Norskur - 73

För mín til furðustranda 75
Fnjóskadalur 79
Héraðshátíð á Breiðumýri ... 80
Húsavík - staka - 84
Þorpið Húsavík verður kaupstaður 85
Húsavík 86
Til ungmennafélags Húsavíkur 88
Slysavörn á Húsavík 89
Kinnafjöll 90
Laxá við Hólmavað 91
Minni ellinnar 92
Þuríður Björnsdóttir 93
Til Didda Hall 94
Til Friðriku Þorgríms 95
Til Hillu Halldórs 96
Vögguvísur 97
Tileinkað manninum mínum 98
Um bónda minn 99
Upptalning 100
17. desember 101
Á förum 102

Árið 2018 voru liðin 100 ár frá stofnun Verkakvennafélagsins Vonar, en það var stofnað á Húsavík 28. apríl árið 1918. Af því tilefni gefur Framsýn, stéttarfélag út ljóðabók þessa í samstarfi við afkomendur Bjargar Pétursdóttur. Björg fór fremst í flokki þeirra húsvísku alþýðukvenna sem komu að stofnun félagsins, fátækra verkakvenna sem sögðu ranglætinu stríð á hendur og börðust fyrir bættum kjörum og brýnum samfélagsmálum í þorpinu við Skjálfanda.

Björg var fædd á seinni hluta 19. aldar, skólaganga hennar líkt og margra kvenna í lægri stigum þjóðfélagsins, eingöngu lífsins skóli. Baráttan um brauðið var inntakið í lífi fólks og Björg vann auk húsmóðurstarfa við fiskvöskun og önnur störf sem töldust hefðbundin kvennastörf.

Það er vel við hæfi að minnast Bjargar Pétursdóttur á þessum tímamótum með útgáfu á ljóðum hennar. Ljóð Bjargar veita okkur innsýn í stöðu kvenna í samfélagi þess tíma, en bókin Tvennir tímar hefur að geyma 77 valin ljóð hennar. Ljóðin fjalla mörg hver um lífið og gleðina. Þau fjalla einnig um sorgina sem var fylgikona Bjargar, en hún lifði sex af níu börnum sínum.

Lóuvísur – Hugfró

Aldrei þó að eygi sýn,
andinn nógu bjarta,
Blessuð lóa, ljóðin þín
leiða þrá í hjarta.

Máski ég fái að fylgja þér
fram um bláar leiðir.
Yfir háa hrönn og sker
hugann þráin seiðir.

Þó að bakið bogni mitt
bresti þrótt í fætur,
blessað kvakið þetta þitt
þýðir hjartarætur.

FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA